

## Samræmdar reglur um röðun á framboðslista Sjálfstæðisflokksins

1. Þegar kjördæmisráð eða fulltrúaráð hefur ákveðið að viðhafa röðun á framboðslista með samþykki 2/3 hluta fundarmanna skal þegar kjósa kjörnefnd til að annast undirbúning og gerð tillögu til kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs. Nema kjörnefnd hafi þegar verið kosin samkvæmt reglum kjördæmis- og fulltrúaráða.
2. Kjósa skal að lágmarki sjö menn til starfa í kjörnefnd, þar af skal kjósa formann sérstaklega.
3. Kjörnefndarmaður má ekki gefa kost á sér á lista til röðunar.
4. Kjördæmisráð eða fulltrúaráð ákveður hversu mörgum sætum á framboðslistanum skuli skipað með röðun.
5. Kjördæmisráð eða fulltrúaráð ákveður hversu langan tíma kjörnefnd hefur til starfa. Þá er boðað til nýs fundar í kjördæmisráði eða fulltrúaráði og skulu annaðhvort aðalmenn eða bæði aðalmenn og varamenn boðaðir, skv. 56. gr. skipulagsreglna.
6. Hlutverk kjörnefndar er að leggja lista fyrir kjördæmisráð eða fulltrúaráð með nöfnum þeirra einstaklinga sem kjósa skal um í starfrófsröð. Til að undirbúa slíkan lista skal kjörnefnd auglýsa eftir framboðum einstaklinga sem áhuga hafa á taka þátt í kosningu á fundi kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs.
7. Kjörnefnd er heimilt að ákveða framboðsfrest vegna röðunar á framboðslista. Ákveði kjörnefnd framboðsfrest skulu þeir sem hafa áhuga á að vera í framboði senda skriflegt framboð til kjörnefndar innan frestsins með þeim upplýsingum sem kjörnefnd óskar eftir.
8. Kjörnefnd er jafnframt heimilt að bæta við nöfnum til viðbótar frambjóðendum skv. 6 gr., þar til kosningu er lokið.
9. Kjörnefndarmenn eru bundnir trúnaði um störf nefndarinnar og þær upplýsingar sem henni hafa borist.
10. Óheimilt er að gera formlega tillögu á kjörfundi um einstakling nema með samþykki hans.

11. Kjörnefnd leggur tillögu sína fram á fundi kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs. Á fundinum er fundarmönnum heimilt að leggja fram tillögu um frambjóðanda til viðbótar þeim sem kjörnefnd gerir áður en kosning hefst, enda hafi kjörnefnd ekki tekið ákvörðun um framboðsfrest skv. 7 gr.
12. Þeim einstaklingum, sem tillagan gerir ráð fyrir að kosið sé um og ekki eiga sæti í kjördæmisráði eða fulltrúaráði er heimilt að mæta á fund ráðsins og taka til máls.
13. Kosning á fundi skal vera skrifleg og fer þannig fram að byrjað er á að kjósa á milli þeirra sem gefa kost á sér í 1. sæti. Þegar ljóst er hver skipar það sæti er kosið á milli þeirra sem gefa kost á sér í 2. sæti og geta þeir sem ekki náðu kosningu í 1. sæti tekið áfram þátt og svo áfram uns kosið hefur verið um öll þau sæti sem kjördæmisráð eða fulltrúaráð hafði áður ákveðið að skipuð yrðu með þessum hætti.
14. Eftir að kosið hefur verið um sætin sem ákveðið var að skipuð yrðu með röðun skv. ofansögðu skal kjörnefnd gera tillögu um þau sæti sem eftir eru. Einfaldan meirihluta atkvæða þarf til að afgreiða listann endanlega í kjördæmisráði eða fulltrúaráði.
15. Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma má vísa til miðstjórnar til úrskurðar. Það skal gert svo fljótt sem auðið er en ekki síðar en viku frá því að fundur varhaldinn.

***Þannig samþykkt af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 26. ágúst 2016.***